

Framkvæmda- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar

**Bt. Berglindar Guðmundsdóttur**

Norðurhella 2

221 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 25. 02. 2019

### **Efni: Framkvæmdaleyfi á Hvaleyrarvelli**

Byggðasafn Hafnarfjarðar sendir frá sér umsögn vegna umsóknar Golfklúbbsins Keilis um framkvæmdaleyfi á Hvaleyrarvelli.

Miðað við fyrirliggjandi gögn virðist umrædd framkvæmd hafa þónokkuð jarðrask í för með sér. Mikið er um fornleifar á Hvaleyrarvellingnum og verður ávalt að taka tillit til þeirra. Fjórar friðaðar fornleifar eru innan framkvæmdasvæðisins en þónokkuð fleiri eru rétt utan við það. Þar á meðal friðaðar fornleifar sem hljóta samkvæmt lögum 100 m friðhelgi eins og segir á vef Minjastofnunar Íslands:

„Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar og á fornleifunum sjálfum eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.“

Aðrar fornleifarnar eru friðaðar vegna aldursákvæðis, umhverfis þær er 15 m friðhelgað svæði eins og segir á vef Minjastofnunar Íslands:

„Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er gerður greinarmunur á friðuðum fornleifum og friðlýstum. Hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem eru 100 ára eða eldri teljast til fornleifa og eru sjálfkrafa friðaðar.

Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.“

Í nágrenni við framkvæmdarsvæðið eru einnig minjar frá stríðsárunum sem ekki teljast enn til fornleifa en Hafnarfjarðarbær hefur gefið það út að bærinn ætli að varðveita slíkar minjar. Auk þess gætu fornleifar verið hvar sem er undir yfirborðinu. Því telur Byggðasafnið að fara verði öllu með gát og málið verði skoðað vandlega áður en leyfi verðu veitt. Passa verður sérstaklega að ekki verði farið inn fyrir friðhelgað svæði fornleifanna. Ef leyfi verður veitt fyrir framkvæmdinni telur Byggðasafn Hafnarfjarðar að nauðsynlegt sé að eftirlitsmaður frá Minjastofnun Íslands og/eða Byggðasafninu fylgist með framkvæmdinni.

Virðingarfyllst,

Heiðrún Eva Konráðsdóttir,  
Byggðasafn Hafnarfjarðar